

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. júlí 2023

Mál nr. S-3550/2023:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi)

gegn

Baldri Kolbeinssyni

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 17. júlí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 2. júní 2023, á hendur Baldri Kolbeinssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin hegningar- og sérrefsilagabrot:

I.

Fíkniefnalagabrot, með því að hafa, mánudaginn 25. október 2021, á leið frá [...], Reykjavík, uns ákærði losaði sig við efnin í ruslagám við [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum 29,03 grömm af amfetamíni, 10,75 grömm af metamfetamíni, 25 stykki af LSD, 72 stykki af alprazolam töflum, 1,58 grömm af alprazolam, 1 stykki af oxycontin og 4 stykki af suboxone sem lögregla fann í gáminum er hún handtók ákærða við [...].

Mál nr. 007-2021- [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

II.

Líkamsárás, með því að hafa, miðvikudaginn 2. febrúar 2022, innandyra í fangelsinu [...], [...], [...], veist með ofbeldi að samfanga sínum, A, kt. [...], og slegið hann ítrekað

með krepptum hnefa í höfuðið, með þeim afleiðingum að hann hlaut marga yfirborðsáverka á höfði.

Mál nr. 007-2022- [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

[...]

IV.

Húsbrot og eignaspjöll, með því að hafa, föstudaginn 24. febrúar 2023, með múrstein í hendi, brotið rúðu á svalahurð íbúðar [...] við [...], Reykjavík og ruðst þar heimildarlaust inn, gengið berserksgang og sparkað upp svefnherbergishurð, þar sem [...] og [...] höfðu læst sig inni, brotið hurðakarminn að svefnherberginu og skemmt Toshiba sjónvarp, Acer Aspire 5 tölvu og skrifborð sem voru inni í svefnherberginu, samtals að áætluðu verðmæti um 400.000 kr.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Líkamsárás, með því að hafa, á sama stað og sömu stund sem getið er um í ákærulið IV., veist með ofbeldi að [...], B, kt. [...], og sparkað í brjóstkassa hennar og hrint, með þeim afleiðingum að B hlaut marga yfirborðsáverka.

Mál nr. 007-2023- [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

[...]

VII.

[...]

VIII.

Húsbrot, eignaspjöll og þjófnað, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. mars 2023, farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið við [...] í Reykjavík, þar sem ákærði spennti upp útidyrhurð og eyðilagði lásinn, brotið hurðir að fimm geymslum íbúa í kjallara húsnæðisins og farið inn í ólæsta íbúð C, kt. [...], á fyrstu hæð og stolið þaðan Macbook pro fartölvu að verðmæti 274.995 kr., en lögregla fann fartölvuna í fórum ákærða við handtöku hans sama dag.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 231. gr., 1. mgr. 244. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Eignaspjöll, með því að hafa laugardaginn 11. mars 2023, brotið gler í rúðu í útidyrhurð fjölbýlishússins við [...] í Reykjavík.

Mál nr. 007-2023- [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

X.

Húsbrot og eignaspjöll, með því að hafa laugardaginn 11. mars 2023, farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið við [...] í Reykjavík, þar sem ákærði sparkaði upp tveimur hurðum í kjallara húsnæðisins, með þeim afleiðingum að hurðakarmur brotnaði og hurðalæsing skemmdist.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XI.

Fíkniefna- og vopnalagabrot, með því að hafa, laugardaginn 11. mars 2023, við D, [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum 1,93 grömm af maríhúana og bitvopn á almannafæri, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða í kjölfar handtöku hans.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 2. gr. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum og 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

XII.

Húsbrot og tilraun til þjófnaðar, með því að hafa sunnudagskvöldið 12. mars 2023, farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið við [...], Reykjavík, þar sem ákærði fór inn á skrifstofu í þakíbúð húsnæðisins og setti þar í bakpoka sinn Bose heyrnatól að verðmæti u.þ.b. 40 þúsund, sem eigandi húsnæðisins fann í fórum ákærða og endurheimti á staðnum.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og við 1. mgr. 244. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIII.

Húsbrot og eignaspjöll, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 13. mars 2023, farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið við [...] í Reykjavík, þar sem ákærði sparkaði upp hurð að hjólageymslu og ruslageymslu húsnæðisins, með þeim afleiðingum að hurðirnar skemmdust.

Mál nr. 007-2023- [...]

Teljast brot þessi varða við 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIV.

Eignaspjöll, tilraun til húsbrots og vopnalagabrot, með því að hafa laugardaginn 18. mars 2023, ítrekað reynt að komast inn í verslun E, [...], Reykjavík, með spörkum í hurð og steinakasti í rúðu með þeim afleiðingum að glerrúða í útihurð sem og útihurðin sjálf skemmdust. Ákærði var á sama tíma, og allt þar til hann var handtekinn skömmu síðar

við bensínstöð F, [...], Reykjavík, með bitvopn á almannafæri, sem fannst á ákærða við öryggisleit í kjölfar handtöku hans.

Mál nr. 007-2023-[-...]

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 231. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar [...]. Þá er krafist upptöku á 1,93 grömmum af maríhúana, [...], 29,03 grömmum af amfetamíni, 10,75 grömmum af metamfetamíni, 25 [stykkjum] af LSD, 72 stykkjum af alprazolam töflum, 1,58 grömmum af alprazolam, 1 stykki af oxycontin og 4 [stykkjum] af suboxone samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. [...].

Einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliðar X. gera G kt. [...] og H kt. [...], [...], [...], kröfu um að ákærða verði gert að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 200.000 vegna tjóns á herbergishurð í kjallara [...] í Reykjavík.

Vegna ákæruliðar XIV. gerir I kt. [...] f.h. J ehf. kt. [...], þá kröfu að ákærði greiði J, kr. 180.000, auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 18.3.2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

I

Við aðalmeðferð málsins var af hálfu ákærvaldsins fallið frá III., VI. og VII. ákærulið. Þá var IV. ákærulið breytt þannig að fallið var frá ákæru fyrir húsbrot og í samræmi við það fallið frá heimfærslu brotsins til 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig var VIII. ákærulið breytt á þann veg að fallið var frá ákæru fyrir húsbrot, eignaspjöll og þjófnað og ákæru breytt þannig að ákærði er ákærður fyrir hylmingu með því að hafa laugardaginn 11. mars 2023, er lögregla handtók ákærða, haft í fórum sínum MacBook Pro fartölvu að verðmæti 274.995 krónur, sem stolið hafði verið skömmu áður úr íbúð á fyrstu hæð við [...] í Reykjavík, og brotið talið varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Einnig var af hálfu ákærvaldsins fallið frá vopnalagabroti í XI. ákærulið og fallið frá heimfærslu brots til vopnalaga til samræmis við það. Loks var fallið frá ákæru vegna tilraunar til húsbrots og vopnalagabrots í XIV. ákærulið þannig að ákærði er þar einungis ákærður fyrir eignaspjöll og er heimfærslu brotsins til refsíákvæða breytt til samræmis við það og brotið talið varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákærða var ekki gerð athugasemd við framangreindar breytingar á ákæru.

Ákærði játar sök samkvæmt ákæru þannig breyttri utan húsbrots samkvæmt X., XII. og XIII. ákærulið og samþykkir upptökukröfur en hafnar bótakröfum. Krefst ákærði þess að hann verði sýknaður af húsbroti samkvæmt X., XII. og XIII. ákærulið en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna þeirra og annarra brota. Þá krefst hann þess aðallega að bótakröfum verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

II

Um málsatvik hvað varðar I., II., IV., V., VIII., IX., XI. og XIV. ákærulið er vísað til ákæruskjals.

Ákærði er í X. ákærulið ákærður fyrir húsbrot og eignaspjöll. Lögreglu bárust 11. mars 2023 upplýsingar um að maður hefði sparkað upp hurð að kjallarainngangi að [...]. Kom síðar í ljós að tveimur hurðum hafði verið sparkað upp og ákærði hefði sést hlaupa út á göngustíg bak við húsið og stefna í átt að [...]. Hefði hann verið klæddur í græna úlpu, með stóran bláan bakpoka og í *camo-buxum*. Sagði tilkynnandi að ákærði hefði ekkert sagt en verið hrakinn á brott af íbúa í herbergi í kjallaranum.

Lögregla ræddi við íbúann, K, sem kvaðst hafa verið sofandi og hefði vaknað við að karlmaður sparkaði upp hurð að herbergi hans. Hefði maðurinn verið grannur og hávaxinn, klæddur grænni úlpu, *camo-lituum* buxum, og hefði hann verið með hettu og bláan bakpoka. Kvaðst hann einnig hafa séð manninn sparka upp hurð að geymslu og hlaupa síðan út á göngustíg og í átt að [...]. Læsing á herberginu hefði verið brotin. Lögregla ræddi einnig við eiganda geymslunnar, H. Settu framangreindir aðilar báðir fram refsíkröfu vegna málsins. Ákærði var handtekinn síðar sama dag og var hann þá klæddur í samræmi við framangreinda lýsingu. Við yfirheyrslu neitaði hann sök.

Ákærði er í *XII. ákærulið* ákærður fyrir húsbrot og tilraun til þjófnaðar. Þann 12. mars 2023 barst lögreglu tilkynning um innbrot að [...] og hefði meintur gerandi verið farinn af vettvangi. Fyrir utan vettvang hefði lögregla fundið bláan *Síma-bakpoka* en tilkynnandi, L, sagði viðkomandi hafa verið með slíkan poka. Kvaðst hann vera eigandi að þakíbúð í húsinu og hefði hann verið þar að horfa á sjónvarpið. Einnig væri hann eigandi skrifstofu í sama húsi og hefði hún verið ólæst. Kvaðst hann hafa séð aðila með bláan bakpoka ganga út af skrifstofu sinni. Hefði hann tekið pokann af þessum aðila og hóttað því að hringja á lögreglu og hefði aðilinn þá hlaupið út. Hefðu *Bose-heyrnartól* frá honum, að verðmæti 40.000 krónur, verið í pokanum. Lýsti tilkynnandi manningnum sem svo að hann væri með [...] hár, [...] cm á hæð, froðufellandi og ber að ofan. Kvaðst hann vera með upptöku af manningnum sem hann sendi lögreglu og liggur fyrir skjáskot af henni. Reyndist vera um ákærða að ræða. Í pokanum var nafnskírteini ákærða og lyf merkt honum auk ætlaðs þýfis úr öðrum málum.

Skýrsla var tekin af ákærða 13. mars 2023. Kvaðst hann hafa farið inn í húsnæðið í [...] þar sem honum hefði verið kalt en engu stolið. Þá kannaðist hann við að eiga bláan bakpoka og hefðu verið í honum munir sem hann ætti, m.a. heyrnartól. Verið gæti að hann hefði tekið heyrnartól á skrifstofunni og þá ruglast og talið að þetta væru hans heyrnartól.

Ákærði er í *XIII. ákærulið* ákærður fyrir húsbrot og eignaspjöll. Lögreglu barst tilkynning aðfaranótt 13. mars 2023 en tilkynnandi hafði heyrt mikil læti í kjallara sameignar eins og einhver hefði verið að sparka upp hurð. Þegar lögregla kom á vettvang hafi verið kveikt ljós í sameign í kjallara og inn um glugga sést að einhver var að athafna sig þar. Reyndist það vera ákærði og var hann sjáanlega mjög *vímaður* og sljór. Tilkynnandi, M, sagði lögreglu á vettvangi að hann hefði heyrt um tíu högg og hefðu þau hljómað eins og einhver væri að reyna að sparka upp hurð. Búið hefði verið að sparka upp hurð á hjólageymslu í kjallara og hefði verið ákoma á hurð og skóför utan á henni og liggja fyrir myndir af framangreindu. Tilkynnandi lagði þann 15. mars 2023 fram kæru fyrir hönd húsfélagsins vegna eignaspjalla. Kom fram hjá honum að tvær hurðar hefðu verið sparkaðar upp og gæti tjón vegna þess verið um 100.000 krónur.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins 13. mars 2023. Viðurkenndi hann að hafa sparkað hurðinni upp og kvaðst hafa gert það til að komast í skjól þar sem honum hefði verið kalt.

Fyrir dómi kom fram af hálfu ákærða að hann hefði í þeim tilvikum er greinir í X., XII. og XIII. ákærulið leitað sér skjóls vegna kulda og að hann hefði þá verið í slæmu ástandi og slasaður.

III

Niðurstaða

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I., II., IV., V., IX., XI. og XIV. ákærulið. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Af hálfu ákæruvaldsins var þess krafist að VIII. ákærulið yrði breytt með bókun og að bæði verknaðarlýsingu og heimfærslu brotsins til refsíákvæðis yrði breytt á þann veg að fallið var frá ákæru fyrir húsbrot, eignaspjöll og þjófnað, en ákærði ákærður fyrir hylmingu. Hefur ákærði viðurkennt þá háttsemi. Samkvæmt orðalagi ákæru er þar vísað til þess að lögregla hefði fundið tiltekinn mun í vörslum ákærða en ekki lýst á hvern hátt ákærði hélt muninum ólöglega fyrir eiganda, þ.e. þeirri háttsemi að hann hafi haft muninn í vörslum sínum. Verður sú lýsing á háttsemi ekki talin vera svo glögg sem verða má, sbr. c-liður 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í ljósi þess eru ekki forsendur til að heimfæra háttsemi ákærða undir hylmingu í stað þjófnaðar að óbreyttri ákæru. Þá segir í 1. mgr. 180. gr. laganna að hvorki megi dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó megi sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Telst sú breyting sem hér er krafist vera utan þess sem fellur undir þessa heimild. Er ákæruvaldið engu að síður bundið af yfirlýsingu sinni um afturköllun ákæru vegna húsbrots, eignaspjalla og þjófnaðar. Samkvæmt framangreindu er ekki efni til annars en að vísa VIII. ákærulið að öðru leyti frá dómi.

Hvað varðar X., XII. og XIII. ákærulið hefur ákærði viðurkennt þá háttsemi sem þar greinir nema hvað varðar húsbrot og byggir sýknukröfu sína vegna þeirra á neyðarrétti og væri háttsemin honum því refsilaus. Kvaðst hann hafa leitað inn í þessi húsnaði þar sem það hefði verið kalt og hann slasaður og í slæmu ástandi. Að öðru leyti

var af hans hálfu vísað til þess sem fram kemur um atvik í málgögnum. Af hálfu ákærvaldsins var á því byggt að atvik hefðu ekki verið þess eðlis að neyðarréttarsjónarmið gætu réttlætt háttsemi ákærða.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákærvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála. Af því leiðir að ekki hvílir á ákærvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis. Samkvæmt 111. gr. sömu laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Það verk er refsilaust, samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni. Óumdeilt er að óvenju kalt var í veðri á þeim tíma sem atvik gerðust, 11.–13. mars 2023, og að ákærði fór inn í viðkomandi húsnæði eins og greinir í ákæru. Þá verður einnig af málgögnum ráðið að ástand ákærða var slæmt og að hann hefði leitað til læknavaktarinnar, a.m.k. 8. sama mánaðar, með áverka. Ákærði fór í heimildarleysi inn í húsnæði sem augljóslega var íbúðarhúsnæði sem búið var í og skiptir þá engu máli hvort ákærði hafi verið kominn inn í séreign viðkomandi eða hann verið í sameign þegar upplýst varð um veru hans þar. Í því tilviki er greinir í XII. ákærulið reyndist ákærði hafa tekið muni úr húsnæðinu.

Af gögnum verður ráðið að ákærði var [...] á þessum tíma. Þrátt fyrir framangreint ástand ákærða fæst ekki séð að hann hafi verið í yfirvofandi hættu sem hafi verið bægt frá með framangreindri háttsemi. Önnur úrræði stóðu ákærða til boða og réttlættu aðstæður ákærða ekki að hann færi inn í húsnæði annarra einstaklinga af handahófi til að leita sér skjóls. Þannig telur dómurinn að ekki hafi verið rennt fullnægjandi stöðum undir þær varnir að ákærða hafi verið háttsemin refsilaus með vísan til 13. gr. almennra hegningarlaga og er þeim því hafnað. Telst ákærði hafa gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í framangreindum ákæruliðum og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 31. maí 2023, á hann að baki nokkurn sakaferil sem nær aftur til ársins 2007. Samkvæmt sakavottorði hefur hann 15 sinnum hlotið dóm fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og/eða lögum um ávana- og fíkniefni. Síðast var ákærði dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með dómi héraðsdóms [...] 2021. Þá gekkst ákærði undir greiðslu sektar og var sviptur ökurétti með sektargerð lögreglustjóra 3. mars 2023 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir og greinir í I., II., IV. og V. ákærulið voru framin áður en ákærði gekkst undir framangreinda sektargerð og verður ákærða því dæmdur hegningarauki í samræmi við ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður einnig litið til þess að brot ákærða voru framin innan ítrekunartíma dóma frá [...] 2019 og [...] 2021, vegna ofbeldisbrota, og dóma frá [...] 2017 og [...] 2019, vegna m.a. auðgunarbrot, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Að auki er litið til 255. gr. sömu laga og til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laganna vegna þeirra líkamsárása sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir. Þá beindist brot ákærða samkvæmt V. ákærulið gegn [...] og verður því við ákvörðun refsingar einnig litið til 3. mgr. 70. gr. laganna. Til refsímildunar verður litið til þess að ákærði játaði brot sín að mestu. Með hliðsjón af framangreindu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða eins og í dómsorði greinir, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi óslitið síðan 19. mars 2023.

Með vísan til þeirra lagaákvæða er greinir í ákæru eru gerð upptæk þau ávana- og fíkniefni og lyf sem í dómsorði greinir og haldlögð voru við rannsókn málsins.

Líkt og að framan greinir er í ákæru getið um bótakröfur vegna X. og XIV. ákæruliðar en ákærði hefur hafnað þeim báðum. Hvað varðar báðar kröfurnar hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn því til stuðnings að bótakrefjendur hafi orðið fyrir fjárhags-tjóni til samræmis við bótakröfurnar. Teljast báðar kröfurnar vera vanreifaðar og er þeim vísað frá dómi.

Ákærði greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin alls 1.900.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði, og 60.864 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Pétur Fannar Gíslason saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Baldur Kolbeinsson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Frá refsingu dregst óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 19. mars 2023, með fullri dagatölu.

Vísað er frá dómi VIII. ákærulið ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 2. júní 2023.

Upptæk eru gerð 1,93 g af maríhúana, 29,03 g af amfetamíni, 10,75 g af metamfetamíni, 25 stykki af LSD, 72 stykki af alprazolam-töflum, 1,58 g af alprazolam, 1 stykki af oxycontin og 4 stykki af suboxone.

Bótakröfu G og H vegna X. ákæruliðar er vísað frá dómi.

Bótakröfu J ehf. vegna XIV. ákæruliðar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, 1.900.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði, og 60.864 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)